

22. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 09.10. 2007.

Mættir voru: Arnar Már Sigurðsson, Ingibjörg Baldursdóttir og Ingvar Þóroddsson.

Meginverkefni þessa fundar var verkaskipting nefndarmanna í byrjun nýs starfssárs og að leggja fram hugmyndir að verkefnum.

Fram kom að Ingibjörg Baldursdóttir ætlar ekki að gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku. Fundarmenn komu með hugmynd að nýrri verkaskiptingu en þar sem svo fáir voru mættir var ákveðið að taka endanlega ákvörðun á næsta fundi.

Varðandi verkefni nefndarinnar er búið að ákveða að halda aftur vorhátíð í samvinnu við skóla og foreldrafélög í hverfinu. Einnig mun nefndin halda áfram verkefnum sem ekki tókst að ljúka á síðasta starfsári og tengjast umferðaröryggi.

Frekari umræðum frestað.

Fundi slitið kl. 21.30.

Ritari Ingibjörg.